

Aftur í læknisbústaðnum Brimnesi

Eftir Sigurbjörn Sveinsson

Höfundur var heilsugæslulæknir í Búðardal með hléi 1978-1988. Hann bjó í Brimnesi.

I.

Þegar ég gekk í hús þitt,
þá fann ég ekkert nýtt.
Alla klassíkina
hafði ég fyrir löngu lifað.
Vívaldí og vinirnir allir
voru þarna á sínum stað.

Í sprungnum veggjum hússins
ómaði hjal barna minna,
og sporin sá ég,
sem þau stigu í bernsku sinni.

Þá minntist ég meistarans,
sem fósraði hugsunina
í faðmi trúarinnar:

„Endurtekningin er ekki til.“

En úti fyrir
hafði blær vorsins
hrifið burt gamlan kunningja.
Fönnin skildi eftir benjar
í gróandanum.

Sköpunin er endurtekning alls.

(6. júní 1989)

II.

Ég settist niður
til að semja ljóð
eins og síðast.

En ljóð er ferðalag
frá einni hugsun til annarrar
eins og allir vita.

Og sálin náði ekki fluginu.
Hún var föst í möskvum gærdagsins,
neti persónulegrar reynslu.

Sú reynsla venjulegs manns
eins og mín
er bæði hversdagsleg
og alþýðlega óspennandi.

Það hefðu orðið örlög þess ljóðs
að vera kastað
á ruslahauga borgaralegrar menningar
eða verða góðskáldum
eins og þér og Gyrði
að gríni.

(2. desember 1990)

Læknablaðið birtir hér ljóð formanns LÍ og lætur jafnframt í ljós þá ósk að menn fylgi hans fordæmi.